

um frv. til laga um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta fjallar annars vegar um skipulag viðskiptamenntunar á framhaldsskólastigi og hins vegar um lögbundnar fjárveitingar til Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólans.

Þess mun skammt að bíða, að nefnd, sem starfað hefur að endurskoðun á skipan framhaldsskólastigsins í heild, skili tillögum sínum. Nefndin mun leggja áherslu á samræmdan framhaldsskóla sem greinist í námsbrautir. Viðskiptamenntun er einn þáttur þessa samræmda framhaldsskóla og er því í hæsta máta óeðlilegt að festa í lögum skipulag viðskiptamenntunar sérstaklega — eins og gert yrði ef frv. þetta yrði samþykkt — áður en tillögur um heildarskipulag samræmds framhaldsskóla liggja fyrir. Ekki verður á þessu stigi séð hvort það fyrirkomulag viðskiptamenntunar, sem frv. gerir ráð fyrir, falli eðlilega inn í heildarskipulag framhaldsskólastigs, og raunar má fullyrða að sum ákvæði frumvarpsins stangast beinlínis á við þær hugmyndir sem menn gera sér um samræmdan framhaldsskóla. Ég tel því samþykkt frumvarpsins ótímabæra.

Sömu sjónarmið koma fram í umsögnum stjórnar Landssambands framhaldsskólakennara og Félags háskólamenntaðra kennara. Í umsögn Landssambands framhaldsskólakennara segir: „Nú er unnið að nánari skipulagningu náms á framhaldsskólastigi. Þar er lögð áhersla á að allar námsbrautir verði í framtíðinni í fjölbrautaskólum. Því virðist eðlilegt að fresta samþykkt þessa lagafrumvarps þar til nánar verður séð hver skipan þessara mála verður í skólum ríkisins.“

Í umsögn Félags háskólamenntaðra kennara segir: „Frumvarpið ber þess ljósan vott að það er fram borið vegna Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands. Þótt þessum tveimur skólum verði e. t. v. ekki jafnað saman, mætti álíta að þetta frumvarp sé ótímabært vegna þeirrar heildarathugunar, sem nú fer fram á framhaldsskólastiginu, og væntanlegra laga þar um, og því væri vafasamt að festa enn í sessi þær stofnanir sem hingað til hafa notið sérstöðu sinnar.“ Og síðar í sömu umsögn: „Þar til lögin um framhaldsskólastigið verða samþykkt (sem er mjög aðkallandi og verður vonandi á næsta þingi) mætti leysa vanda sérskólanna tveggja með sérstökum fjárveitingum.“

Frv. gerir auk þess ráð fyrir stórauðnum ríkisútgjöldum vegna tveggja sérskóla á sama tíma og fjárveitingar til skólamála í heild hafa verið skornar niður miskunnarlaust og brýnasta verkefni í menntamálum, iðnmenntun, ekki sinnt.

Ég tel því að forsendur hafi breyst svo mjög frá því frv. var áður til umfjöllunar á Alþingi, að fráleitt sé að samþykkja það nú. Með hliðsjón af þeim rökum, sem hér hafa verið færð fram, legg ég til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og fjallað verði um fyrirkomulag viðskiptamenntunar í tengslum við heildarendurskoðun náms á framhaldsskólastigi.

Til vara geri ég þá tillögu, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

#### BREYTINGUM:

Við 9. gr.

a. 5. mgr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis telst áfram eign ríkisins, og getur ráðuneytið tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, ef það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana.

b. 6. mgr. orðist svo:

Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eignaraðila og ríkisins. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skulu þrír tilnefndir af menntamálaráðherra, en eignaraðilar tilnefna tvo. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Nái þessar tillögur til breytinga ekki fram að ganga legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 14. maí 1976.

Ragnar Arnalds.